

Ed.

359. Frumvarp til laga

[72. mál]

um heimild fyrir ríkisstjórnina til að selja kirkjujörðina Múlasel í Mýrasýslu og Hróastaði í Norður-Þingeyjarsýslu.

(Eftir 3. umr. í Nd.)

1. gr.

Ríkisstjórninni er heimilt að selja ábúanda Helgastaða í Hraunhreppi í Mýrasýslu, Gísla Jónssyni, eyðijörðina Múlasel í sama hreppi fyrir verð, sem ákveðið er með mati dómkvaddra manna.

2. gr.

Enn fremur er ríkisstjórninni heimilt að selja Grími Jónssyni héraðsráðunaut í Ærlækjarseli hálfra eða alla jörðina Hróastaði í Óxarfjarðarhreppi fyrir verð, sem ákveðið verður með mati dómkvaddra manna, enda verði hið selda land notað til stofnunar nýbýlis.

3. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.